



VIÐHORF FORELDRA SEM NÝTA ÞJÓNUSTU DAGFORELDRA Í REYKJAVÍK



EFNISYFIRLIT

1. GAGNAÖFLUN OG FRAMKVÆMD	2
2. NIÐURSTÖÐUR.....	3
2.1 Svarendur	3
2.2 Val á dagforeldri og upphaf vistunar	4
2.3 Ánægja með þjónustu dagforeldra	6
2.4 Framboð á þjónustu.....	7
2.5 Eftirlit með starfsemi	10
2.6 Samanburður við könnun frá 2006	12
3. SAMANTEKT	13
4. VIÐAUKI - BAKGRUNNSGREINING	14

LEIKSKÓLASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

TÖLFRÆÐI- OG RANNSÓKNAÞJÓNUSTA
OKTÓBER 2008

Berglind Hansen
Hildur B. Svavarsdóttir

1. Gagnaöflun og framkvæmd

Í júlí og ágúst 2008 var framkvæmd könnun meðal foreldra barna sem höfðu haft barn sitt í vistun hjá dagforeldri í Reykjavík á tímabilinu janúar til júní 2008. Þetta var í annað sinn sem slík könnun var framkvæmd en viðhorfskönnun foreldra var gerð í fyrsta sinn vorið 2006.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar. Hringt var í alla foreldra barna sem skráð voru í vistun hjá dagforeldri í Reykjavík og tóku um 79,3% þeirra þátt eins og má sjá í töflu 1. Talað var við það foreldrið sem svaraði í símann hverju sinni. Einungis 11 einstaklingar neituðu að svara könnuninni en að auki náðist ekki í foreldri 163ja barna.

Tafla 1. Svörum

	Hlutfall	
Tók þátt í könnun	665	79,3%
Neitar að svara	11	1,3%
Næst ekki í	163	19,4%
Alls	839	100%

2. Niðurstöður

2.1 Svarendur

Rætt var við 394 feður og 271 móður með barn í vistun hjá dagforeldri í Reykjavík. Hærra hlutfall karla í könnuninni skýrist einungis með því að fleiri karlar en konur voru viðlátir eða tilbúnir að svara könnuninni þegar könnunin var hringd út. Aldur svarenda var á bilinu 20 ára til 55 ára. Flestir viðmælendur voru háskólamenntaðir (48,4%) og giftir eða í sambúð (81,1%). Upplýsingar um aldur, menntun og hjúskaparstöðu voru notaðar til þess að greina önnur svör viðmælanda og eru niðurstöður í viðauka.

Tafla 2. Kyn

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	394	59,2%
Kona	271	40,8%
Alls	665	100%

Tafla 3. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall
25 ára og yngri	68	10,2%
26 - 30 ára	164	24,7%
31 - 35 ára	203	30,5%
36 - 40 ára	154	23,2%
41 og eldri	76	11,4%
Alls	665	100%

Tafla 4. Menntun

	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskóli	87	13,3%
Starfsnám/Iðnnám	121	18,4%
Stúdentspróf	126	19,2%
Háskólanám	322	49,1%
Alls	656	100%

Tafla 5. Hjúskaparstaða

	Fjöldi	Hlutfall
Gift / kvæntur	274	41,6%
Í sambúð	270	41,0%
Einhleyp(ur)	104	15,8%
Ekkja / ekill	1	0,2%
Fráskilin(n)	9	1,4%
Alls	658	100%

Foreldrarnir voru spurðir hvort að barn þeirra ætti systkini sem byggi á sama heimili. Um 60% foreldranna *játaði* því. Þeir voru þá spurðir hvar barnið væri í systkinaröðinni. Um 7,7% foreldranna sögðu að barnið væri *elsta* barnið í systkinahópnum en flestir eða 87,5% sögðu að barnið væri *yngst*. Fæstir foreldranna eða 4,8% sögðu að barnið væri *miðbarn*.

2.2 Val á dagforeldri og upphaf vistunar

Byrjað var á að spyrja foreldra hve gömul börnin voru þegar þeir byrjuðu að leita að dagforeldri. Mjög misjafnt var hvenær foreldrarnir hófu leit að dagforeldri eins og sést í töflu 6, en í flestum tilvikum voru börnin á aldrinum 1-6 mánaða þegar leitin hófst eða rúm 60% þeirra.

Tafla 6. Aldur barna þegar leit hófst að dagforeldri

	Fjöldi	Hlutfall
1-3 mánaða	205	31,9%
4-6 mánaða	199	31,0%
7-9 mánaða	121	18,8%
10 mánaða eða eldri	117	18,2%
Alls	642	100%

Í töflu 7 má sjá að mjög fá börn hófu vistun hjá dagforeldri fyrir 6 mánaða aldur eða einungis um 2%. Hins vegar hóf um fjórðungur barna vistun 6 til 8 mánaða gömul. Í flestum tilvikum voru þó börnin orðin 9 mánaða eða eldri þegar þau hófu vistun hjá dagforeldri eða í yfir 70% tilvika.

Tafla 7. Aldur barnanna þegar þau hófu vistun hjá dagforeldri

	Fjöldi	Hlutfall
3-5 mánaða	12	1,8%
6-8 mánaða	163	24,7%
9-11 mánaða	229	34,6%
12-14 mánaða	183	27,7%
15 mánaða eða eldri	74	11,2%
Alls	661	100%


Um 23% giftra foreldra eða foreldra í sambúð sögðu börnin hafa verið 6-8 mánaða þegar þau hófu vistun en 37% einhleypra foreldra. Þá hófu börn yngri foreldra vistun fyrr en eldri foreldra.

Foreldrar voru spurðir hve lengi barnið hafði verið í núverandi vistun. Í töflu 8 sést að um tveir þriðju barnanna hafði verið í vistun hjá dagforeldrinu í sjö mánuði eða lengur.

Tafla 8. Hve lengi börnin höfðu verið í núverandi vistun


	Fjöldi	Hlutfall
1-3 mánuði	40	6,1%
4-6 mánuði	132	20,2%
7-9 mánuði	177	27,1%
10-12 mánuði	199	30,5%
13 mánuði eða meira	104	16,0%
Alls	652	100%

Foreldrarnir voru spurðir hvort að barnið þeirra hefði verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður en það hóf núverandi vistun. Langflest barnanna höfðu ekki verið í vistun annars staðar þegar könnunin fór fram líkt og sést á mynd 1. Þó hafði 10,5% barnanna verið hjá öðru dagforeldri en einungis um 1,5% barna höfðu verið á leikskóla áður.



Mynd 1. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri áður eða á leikskóla?

Misjafnt var hvar foreldrarnir fengu upplýsingar um dagforeldrið eins og sést á mynd 2. Í flestum tilvikum eða um 47% fengust upplýsingarnar *annars staðar frá* svo sem frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim.




Mynd 2. Hvar fékkst þú upplýsingar um að það væri laust pláss hjá dagforeldri barnsins? ¹

Í 32% tilvika fengu foreldrarnir upplýsingarnar af *heimasíðu Leikskólasviðs*. Einungis 7,5% nefndu *Þjónustumiðstöðvar*. Í 7,4% tilvika völdu foreldrarnir dagforeldri sem *eldra systkini* var eða hafði verið hjá áður. Þá komust foreldrarnir í tengsl við dagforeldri í gegnum *vef Barnalands* í 7% tilvika en fáir nefndu auglýsingar þeirra á öðrum stöðum. Annað sem nefnt var fyrir utan þetta var t.d. að dagforeldrið væri móðir, amma eða afi barnsins, annað dagforeldri benti á dagforeldrið eða upplýsingar fengust í gegnum önnur sveitarfélög.

¹ Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall hærri en 100%.

2.3 Ánægja með þjónustu dagforeldra

Næst voru foreldrarnir spurðir hversu ánægðir þeir voru með þjónustu dagforeldrisins. Yfir 90% foreldranna var *mjög* eða *frekar ánægðir* með þjónustuna sem má sjá á mynd 3. Aðeins um 6% foreldrana voru *hvorki ánægð né óánægð* og einungis um 3% foreldranna voru *frekar* eða *mjög óánægðir*.



Mynd 3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldrisins?


Foreldrarnir voru beðnir um að nefna eitthvað er varðaði vistun barns þeirra sem þeir voru sérstaklega ánægðir með. Í flestum tilvikum nefndu foreldrar *persónulega eiginleika dagforeldris* eða í um 66% tilvika. Foreldrar voru einnig nokkuð ánægðir með *aðstöðuna úti* og *fæðið* eða um 30% tilvika hvort. Í 21% tilvika nefndu foreldrarnir að þeir væru ánægðir með *aðstöðuna inni* en *aðlögun barns* og *dagskipulagið* var nefnt í um 16% tilvika hvort.

Nokkuð færri nefndu önnur atriði, s.s. *samskipti við dagforeldrið*, *staðsetningu*, *vistunartíma*, *frídagar/veikindafyrirkomulag dagforeldris*, *sanngjarnt gjald fyrir vistunina* og *frídagar/veikindafyrirkomulag hjá barni*. Fjölmargir foreldranna nefndu að auki önnur atriði, s.s. að þeir væru *ánægðir með allt* hjá dagforeldrinu, *barnið ánægt og/eða leið vel* í vistuninni, *ánægðir með útivistina*, *dagforeldri lítið eða aldrei frá vinnu* og *ánægja með að tveir dagforeldrar voru að vinna saman*.

2.4 Framboð á þjónustu

Foreldrararnir voru spurðir hvort að þeim hafi fundist þeir hafa úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja þegar þeir völdu dagforeldri fyrir barn sitt. Eins og mynd 4 sýnir fannst langflestum foreldrum þeir *hafa haft úr fáum dagforeldrum að velja* eða 89%.


■ Hafði úr mörgum að velja ■ Hafði hvorki úr fáum né mörgum að velja ■ Hafði úr fáum að velja



Mynd 4. Þegar þú valdir dagforeldri fyrir barnið hvort fannst þér þú þá hafa úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja?

Líkt og mynd 5 sýnir þá var dagforeldri oftast staðsett *í sama hverfi og foreldri bjó í* eða í um 54% tilvika. Það var hins vegar líka mjög algengt að dagforeldri væri *í öðru hverfi en foreldri bjó í* eða í um 38% tilvika.


■ Í hverfinu sem foreldri býr í ■ Í öðru hverfi
■ Í hverfinu sem foreldri starfar í ■ Í hverfinu sem foreldri starfar og býr í



Mynd 5. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?


Þeir foreldrar sem voru með vistun fyrir barn sitt hjá dagforeldri í öðru hverfi en því sem það bjó í voru spurðir hvort þeir hefðu heldur kosið dagforeldri í hverfinu sem þeir bjuggu í. Fleiri foreldrar svöruðu því *játandi* eða 63% þeirra.

Foreldrararnir voru líka spurðir hvort þeir hefðu heldur kosið að fá vistun fyrir barn sitt í leikskóla heldur en hjá dagforeldri. Aðeins fleiri foreldrar svöruðu spurningunni *játandi*, um 52%, en 45,4% svöruðu *neitandi* sem eins og sést á mynd 6.



Mynd 6. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla í stað dagforeldris?

Þeir foreldrar sem hefðu heldur kosið að vista barn sitt á leikskóla voru spurðir hvers vegna þeir hefðu kosið það frekar. Helstu ástæðurnar sem voru gefnar má sjá á mynd 7. Í um 50% tilvika var nefnt að leikskóli væri *öruggari vistun*, í um 32% tilvika að þar væri *meira dagskipulag* og í 28,5% tilvika að leikskóli væri *ódýrari*.




Mynd 7. Hvers vegna hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið í leikskóla?²

Þeir foreldrar sem svöruðu að þeir hefðu ekki viljað vistun fyrir barn sitt á leikskóla frekar en vistun hjá dagforeldri voru spurðir frekar út í það. Mynd 8 sýnir að

² Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er heildarhlutfall herra en 100%.


langflestir þessa foreldra fannst *barnið of ungt* til að vera á leikskóla eða í 67,5% tilvika. Einnig var mjög algengt að foreldrum þótti það betra að *færri börn væru í vistun með barninu* eða í um 40% tilvika. Einnig var um 17% foreldra sem nefndu það kostur við vistun hjá dagforeldri umfram vistun á leikskóla að það væri *alltaf sama manneskjan sem hugsaði um barnið*.



Mynd 8. Hvers vegna hefðir þú ekki kosið frekar að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?³

Margir foreldranna nefndu líka aðrar ástæður en sýndar eru á mynd 8, s.s. að þeir hefðu kosið ungbarnaleikskóla ef það hefði verið í boði en ekki almennan leikskóla.

Foreldrarnir voru spurðir á hvaða aldursbili þeim fyndist þjónusta dagforeldra henta best. Á mynd 9 kemur fram að algengast var að foreldrum þætti þjónusta dagforeldra henta best fyrir börn *yngrri en 18 mánaða* eða um 40%. Um 30% foreldra fannst þjónusta dagforeldra henta best börnum *yngrri en 12 mánaða*.




Mynd 9. Á hvaða aldursbili finnst þér þjónusta dagforeldra henta börnum best?

³ Tilgreina mátti fleiri en eitt atriði og þess vegna er heildarhlutfall herra en 100%.

Um 15% nefndu eitthvað annað aldursbil. Flestir nefndu einnig að þjónustu dagforeldra ætti að ljúka við 18 mánaða eða 24 mánaða aldur.

Foreldrar voru á sama hátt beðnir að leggja mat á það á hvaða aldursbili börn ættu að eiga kost á vistun í leikskóla. Eins og mynd 10 sýnir þá töldu yfir helmingur foreldranna að börn ættu að vera á aldursbilinu 19 til 24 mánaða. Þá þóttu um 19% foreldra að börn ættu að vera á aldursbilinu 13 til 18 mánaða og um 12 % foreldra á aldursbilinu 6 til 12 mánaða.




Mynd 10. Á hvaða aldri finnst þér að börn ættu að hefja vistun á leikskóla?

Um 6% nefndu eitthvað annað aldursbil.


2.5 Eftirlit með starfsemi

Rúmlega helmingur foreldranna *kannaði* hvort að dagforeldri hefði gilt starfsleyfi þegar þeir voru að leita að dagforeldri.



Mynd 11. Þegar þú varst að leita að dagforeldri kannaðir þú þá hvort að dagforeldri væri með gilt starfsleyfi?

Langflestir foreldranna sögðust hafa skrifað undir dvalarsamning hjá dagforeldri líkt og mynd 12 sýnir. Einungis 5,5% skrifuðu ekki undir slíkan samning.




Mynd 12. Skrifaðir þú undir dvalarsamning við dagforeldri sem barnið er núna hjá þegar það hóf vistun?

Flestir foreldranna fengu afrit af dvalarsamningi. Þó voru um 11% foreldra sem *neituðu* því eða *mundu ekki* eftir því.


Þeir sem ekki sögðust hafa skrifað undir dvalarsamning voru í fæstum tilvikum upplýstir um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris við upphaf vistunar en aðeins 17% sögðust hafa fengið slíkar upplýsingar.

Foreldrarnir höfðu misjafnar skoðanir og þekkingu á eftirliti með störfum dagforelda eins og sjá má á mynd 13 en 35% foreldranna þótti eftirlitið vera *of* eða *hæfilega mikið* en 21% að það væri *of lítið*. Hins vegar sögðu flestir foreldranna eða 44,3% að þeir vissu *ekki* hvort að eftirlit með störfum dagforeldra væri hæfilegt eða ekki.



Mynd 13. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

Foreldrar voru spurðir hvort að dagforeldri hefði sýnt þeim niðurstöður úr heimsókn eftirlitsaðila á vegum Leikskólasviðs.. Eins og mynd 14 sýnir þá voru aðeins um 12% foreldranna sem svöruðu því *játandi* en langflestir eða um 82% svöruðu því *neitandi*.



Mynd 14. Hef séð niðurstöður úr eftirlitsheimsókn frá Leikskólasviði, t.d. afrit af gátlista.

Um 65% foreldra vissu hvert þeir ættu að leita með athugasemdir vegna þjónustu dagforeldris. Nær allir foreldrar eða um 92% höfðu *aldrei* komið á framfæri athugasemd vegna þjónustu dagforeldris sem barn þeirra var vistað hjá.

Þeir foreldrar sem höfðu gert athugasemd við þjónustu dagforeldris voru spurðir um ástæðu þess. Athugasemdirnar snérust í flestum tilvikum, eða um 44%, um fjarvistir dagforeldris, s.s. vegna veikinda eða frídaga. Einnig var nokkuð algengt að foreldrarnir nefndu að *ekki væri nógu vel hugsað um börnin* (17%) og vegna *slæmrar aðstöðu* hjá dagforeldri (15%). Um 12% höfðu gert athugasemd vegna *greiðslna* til dagforeldris, *samskiptaörðugleika* nefndu um 7% og um 5% höfðu haft samband vegna barnafjölda hjá dagforeldri. Aðrar ástæður voru t.d. *eftirlitsaðili frá þjónustumiðstöð var ekki búinn að koma í eftirlitsheimsókn*, *almenn athugasemd um stöðu dagvistunarmála í Reykjavík* og vegna *sérákvæða í dvalarsamningi*.

2.6 Samanburður við könnun frá 2006

Í töflu 9 má sjá yfirlit sambærilegra spurninga sem spurt var í könnuninni 2006 ásamt samanburði á svarendahópi. Marktækur munur er merktur með *.

Tafla 9. Samanburður á könnunum 2006 og 2008

	2006	2008
Svarhlutfall	79,4%	79,3%
Konur*	76,8%	40,1%
Eldri en 30 ára	53,2%	65,1%
Reynsla af dagforeldri meiri en 6 mánuðir*	55,9%	74,7%
Hófu leit þegar barn var 0-6 mánaða*	43,3%	62,9%
Fengu upplýsingar um dagforeldri frá:		
Vinum/ættingjum	38,2%	46,7%
Á heimasíðu Leikskólasviðs	21,4%	32,0%
Á þjónustumiðstöð hverfis	13,7%	7,5%
Ánægð með dagforeldri	92,0%	91,2%
Höfðu úr fáum dagforeldrum að velja	87,1%	89,4%
Dagforeldri í sama hverfi og foreldri býr	52,5%	53,7%
Hefðu heldur kosið leikskóla	50,7%	51,7%
Vita hvert á að leita með athugasemdir	58,0%	65,0%
Þekkja ekki hvernig eftirliti með dagforeldrum er háttað	43,3%	44,3%

3. Samantekt

Í þessari könnun hefur viðhorfum 665 foreldra til dagforeldra verið lýst. Stærstur hluti foreldranna var á aldrinum 26-40 ára og var barnið sem um var spurt oftast þeirra yngsta. Um þriðjungur foreldranna hóf leit að dagforeldri þegar barnið var yngra en þriggja mánaða og jafn stór hópur þegar barnið var þriggja til sex mánaða. Töluvert stærri hópur hóf leitina á þessum tíma sé miðað við könnunina árið 2006.

Börnin hófu yfirleitt vistun við 6-9 mánaða aldurinn. Foreldrarnir höfðu nokkra reynslu af þjónustu dagforeldranna en meirihluti hafði verið með viðkomandi dagforeldri lengur en í 7 mánuði. Reynsla foreldra af þjónustunni var marktækt lengri en í könnuninni 2006. Flestir nefndu óformlegar leiðir s.s. í gegnum fjölskyldu og vini þegar spurt var um hvar þeir fengu upplýsingar um dagforeldra en næst flestir heimasíðu Leikskólasviðs.

Mikil ánægja var með þjónustu dagforeldranna en yfir 90% voru ánægðir með hana, þar af 76% mjög ánægðir. Þetta er nánast sama hlutfall og árið 2006 þegar þetta var síðast kannað. Grundvöllur ánægjunnar var oftast einhverjir persónulegir eiginleikar dagforeldris en útiaðstaða, fæði og aðstaða innandyra var einnig oft nefnt.

Foreldrarnir voru sammála um að um fáa dagforeldra hefði verið að velja þegar þeir leituðu að dagforeldri fyrir barn sitt og nýtti rúmur þriðjungur foreldra þjónustu dagforeldris í öðru hverfi. Vildi meirihluti þeirra fremur hafa dagforeldrið í sínu búsetuhverfi. Foreldrarnir skiptust í nokkuð jafnstóra hópa þegar þeir voru spurðir um hvort þeir hefðu heldur kosið leikskóla frekar en dagforeldri fyrir barnið. Þeir sem heldur vildu leikskóla nefndu öruggari vistun, meira dagsskipulag og kostnað sem helstu ástæður fyrir því. Þeir sem heldur vildu dagforeldraþjónustu töldu barn sitt of ungt fyrir leikskóla, hjá dagforeldrum væru færri börn og vildu að sama manneskja hugsaði um barn þeirra.

Algengast var að foreldrunum þætti þjónusta dagforeldra henta best fyrir börn yngri en 18 mánaða en einnig var nokkuð um það að foreldrarnir nefndu að þjónustan hentaði best börnum yngri en 12 mánaða. Þá taldi um helmingur foreldranna að vistun í leikskóla ætti helst að hefjast eftir 18 mánaða aldur en fimmtingur eftir 12 mánaða aldur.

Rétt rúmlega helmingur foreldranna kannaði hvort að dagforeldri hefði gilt starfsleyfi þegar þeir leituðu vistun. Nær allir höfðu skrifað undir dvalarsamning og fengu flestir afrit af honum. Fáir höfðu séð niðurstöður úr eftirlitsheimsókn til dagforeldra og nokkuð stór hluti foreldra hafði litla þekkingu á hvernig eftirlit með dagforeldrum færi fram. Rúmur helmingur foreldranna vissi vert skyldi leita með ábendingar eða athugasemdir um starfsemi dagforeldra en mjög lítill hluti hafði komið slíku á framfæri.

4. Viðauki - bakgrunnsgreining

Tafla 1. Hvað var barnið gamalt þegar þú hófst að leita að dagforeldri?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>1-3 mánaða</i>	<i>4-6 mánaða</i>	<i>7-9 mánaða</i>	<i>10 mánaða eða eldri</i>	<i>Alls</i>
Aldur						
25 ára og yngri	65	21,5%	38,5%	18,5%	21,5%	100%
26-30 ára	161	32,9%	32,9%	16,8%	17,4%	100%
31-35 ára	193	33,2%	30,6%	19,2%	17,1%	100%
36-40 ára	150	32,7%	27,3%	16,0%	24,0%	100%
41 árs og eldri	73	34,2%	28,8%	28,8%	8,2%	100%
Menntun						
Grunnskóli	86	23,3%	36,0%	14,0%	26,7%	100%
Starfsnám	42	23,8%	45,2%	9,5%	21,4%	100%
Bóklegt framhaldsnám	89	22,5%	29,2%	28,1%	20,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	75	41,3%	26,7%	18,7%	13,3%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	31	38,7%	19,4%	29,0%	12,9%	100%
Háskólanám	311	35,7%	30,2%	17,7%	16,4%	100%
Hjúskaparstaða						
Gift / kvæntur	263	35,0%	28,9%	19,0%	17,1%	100%
Í sambúð	262	32,1%	30,9%	18,3%	18,7%	100%
Einhleyp(ur)	101	25,7%	37,6%	17,8%	18,8%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	22,2%	22,2%	33,3%	22,2%	100%

Tafla 2. Hvað var barnið gamalt þegar það hóf vistun hjá dagforeldri?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>1-5 mánaða</i>	<i>6-8 mánaða</i>	<i>9-11 mánaða</i>	<i>12-14 mánaða</i>	<i>15 mánaða eða eldri</i>	<i>Alls</i>
Aldur							
25 ára og yngri	68	2,9%	41,2%	32,4%	14,7%	8,8%	100%
26-30 ára	164	4,9%	29,3%	31,7%	25,6%	8,5%	100%
31-35 ára	202	1,0%	22,3%	41,6%	22,8%	12,4%	100%
36-40 ára	151	0,0%	15,9%	33,8%	37,1%	13,2%	100%
41 árs og eldri	73	0,0%	23,7%	26,3%	38,2%	11,8%	100%
Menntun							
Grunnskóli	87	3,4%	36,8%	28,7%	21,8%	9,2%	100%
Starfsnám	43	7,0%	27,9%	20,9%	27,9%	16,3%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	1,1%	22,6%	33,3%	32,3%	10,8%	100%
Verklegt framhaldsnám	77	3,9%	22,1%	44,2%	23,4%	6,5%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	32	0,0%	15,6%	31,3%	31,3%	21,9%	100%
Háskólanám	321	0,6%	23,4%	36,8%	28,0%	11,2%	100%
Hjúskaparstaða							
Gift / kvæntur	272	0,7%	22,8%	32,0%	33,1%	11,4%	100%
Í sambúð	269	2,6%	22,7%	38,7%	24,5%	11,5%	100%
Einhleyp(ur)	104	1,9%	36,5%	32,7%	20,2%	8,7%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	11,1%	22,2%	22,2%	33,3%	11,1%	100%

Tafla 3. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er núna hjá?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>1-3 mánuði</i>	<i>4-6 mánuði</i>	<i>7-9 mánuði</i>	<i>10-12 mánuði</i>	<i>13 mánuði eða meira</i>	<i>Alls</i>
Aldur							
25 ára og yngri	66	6,1%	24,2%	18,2%	28,8%	22,7%	100%
26-30 ára	160	7,5%	20,0%	25,6%	31,9%	15,0%	100%
31-35 ára	202	7,9%	16,8%	29,2%	29,7%	16,3%	100%
36-40 ára	149	3,4%	22,1%	27,5%	30,9%	16,1%	100%
41 árs og eldri	75	4,0%	22,7%	32,0%	30,7%	10,7%	100%
Menntun							
Grunnskóli	85	10,6%	20,0%	21,2%	31,8%	16,5%	100%
Starfsnám	42	7,1%	28,6%	19,0%	33,3%	11,9%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	5,4%	19,4%	23,7%	35,5%	16,1%	100%
Verklegt framhaldsnám	76	7,9%	17,1%	31,6%	25,0%	18,4%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	31	3,2%	9,7%	32,3%	41,9%	12,9%	100%
Háskólanám	318	5,0%	21,1%	28,9%	28,9%	16,0%	100%
Hjúskaparstaða							
Gift / kvæntur	268	6,0%	17,5%	28,7%	31,3%	16,4%	100%
Í sambúð	267	5,2%	24,7%	26,6%	30,0%	13,5%	100%
Einhleyp(ur)	102	7,8%	16,7%	25,5%	30,4%	19,6%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	22,2%	11,1%	11,1%	33,3%	22,2%	100%

Tafla 4. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri áður eða á leikskóla?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já, hjá öðru dagforeldri</i>	<i>Já, á leikskóla</i>	<i>Nei</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	65	18,5%	1,5%	80,0%	100%
26-30 ára	161	11,2%	3,1%	85,7%	100%
31-35 ára	199	10,6%	1,0%	88,4%	100%
36-40 ára	149	6,7%	1,3%	91,9%	100%
41 árs og eldri	73	9,6%	0,0%	90,4%	100%
Menntun					
Grunnskóli	83	15,7%	0,0%	84,3%	100%
Starfsnám	43	14,0%	0,0%	86,0%	100%
Bóklegt framhaldsnám	91	6,6%	3,3%	90,1%	100%
Verklegt framhaldsnám	76	7,9%	0,0%	92,1%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	28	14,3%	0,0%	85,7%	100%
Háskólanám	320	10,0%	2,2%	87,8%	100%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	270	7,0%	1,5%	91,5%	100%
Í sambúð	262	10,7%	1,9%	87,4%	100%
Einhleyp(ur)	101	19,8%	1,0%	79,2%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	0,0%	0,0%	100,0%	100%

Tafla 5. Þegar þú varst að leita að dagforeldri kannaðir þú þá hvort að dagforeldri væri með gilt starfsleyfi?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já, kannaði það</i>	<i>Nei, kannaði það ekki</i>	<i>Veit ekki / man ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	67	64,2%	34,3%	1,5%	100,0%
26-30 ára	162	63,6%	35,8%	0,6%	100,0%
31-35 ára	199	47,7%	49,2%	3,0%	100,0%
36-40 ára	150	55,3%	42,0%	2,7%	100,0%
41 árs og eldri	76	57,9%	42,1%	0,0%	100,0%
Menntun					
Grunnskóli	85	55,3%	41,2%	3,5%	100,0%
Starfsnám	43	55,8%	44,2%	0,0%	100,0%
Bóklegt framhaldsnám	93	61,3%	35,5%	3,2%	100,0%
Verklegt framhaldsnám	75	66,7%	32,0%	1,3%	100,0%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	51,5%	42,4%	6,1%	100,0%
Háskólanám	319	52,7%	46,4%	0,9%	100,0%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	272	53,7%	45,2%	1,1%	100,0%
Í sambúð	266	57,5%	39,5%	3,0%	100,0%
Einhleyp(ur)	102	58,8%	41,2%	0,0%	100,0%
Ekkja / ekill	1	0,0%	100,0%	0,0%	100,0%
Fráskilin(n)	9	55,6%	33,3%	11,1%	100,0%

Tafla 6. Skrifaðir þú undir dvalarsamning við dagforeldri sem barnið er núna hjá þegar það hóf vistun?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Veit ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	68	94,1%	5,9%	0,0%	100%
26-30 ára	162	93,8%	4,3%	1,9%	100%
31-35 ára	201	88,6%	7,5%	4,0%	100%
36-40 ára	153	89,5%	3,9%	6,5%	100%
41 árs og eldri	76	94,7%	5,3%	0,0%	100%
Menntun					
Grunnskóli	87	89,7%	5,7%	4,6%	100%
Starfsnám	43	93,0%	7,0%	0,0%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	93,5%	3,2%	3,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	77	89,6%	6,5%	3,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	90,9%	6,1%	3,0%	100%
Háskólanám	321	91,6%	5,3%	3,1%	100%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	274	90,1%	5,1%	4,7%	100%
Í sambúð	268	92,2%	4,9%	3,0%	100%
Einhleyp(ur)	104	93,3%	6,7%	0,0%	100%
Ekkja / ekill	1	100,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	88,9%	11,1%	0,0%	100%

Tafla 7. Fékkstu afrit af dvalarsamningnum?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Veit ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	64	81,3%	12,5%	6,3%	100%
26-30 ára	152	88,8%	5,3%	5,9%	100%
31-35 ára	178	88,8%	6,2%	5,1%	100%
36-40 ára	137	92,0%	2,2%	5,8%	100%
41 árs og eldri	72	93,1%	2,8%	4,2%	100%
Menntun					
Grunnskóli	78	84,6%	9,0%	6,4%	100%
Starfsnám	40	90,0%	2,5%	7,5%	100%
Bóklegt framhaldsnám	87	88,5%	4,6%	6,9%	100%
Verklegt framhaldsnám	69	91,3%	2,9%	5,8%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	30	90,0%	3,3%	6,7%	100%
Háskólanám	294	90,1%	5,4%	4,4%	100%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	247	87,4%	5,3%	7,3%	100%
Í sambúð	247	91,9%	4,5%	3,6%	100%
Einhleyp(ur)	97	87,6%	6,2%	6,2%	100%
Ekkja / ekill	1	100,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	8	87,5%	12,5%	0,0%	100%

Tafla 8. Varstu upplýst(ur) um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun? (einungis þeir sem ekki undirrituðu dvalarsamning)

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Alls</i>
Aldur				
25 ára og yngri	4	25,0%	75,0%	100%
26-30 ára	7	28,6%	71,4%	100%
31-35 ára	14	21,4%	78,6%	100%
36-40 ára	6	0,0%	100,0%	100%
41 árs og eldri	4	0,0%	100,0%	100%
Menntun				
Grunnskóli	5	40,0%	60,0%	100%
Starfsnám	3	33,3%	66,7%	100%
Bóklegt framhaldsnám	3	0,0%	100,0%	100%
Verklegt framhaldsnám	4	25,0%	75,0%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	2	0,0%	100,0%	100%
Háskólanám	17	11,8%	88,2%	100%
Hjúskaparstaða				
Gift / kvæntur	14	7,1%	92,9%	100%
Í sambúð	13	23,1%	76,9%	100%
Einhleyp(ur)	7	28,6%	71,4%	100%
Ekkja / ekill	0	0,0%	0,0%	0%
Fráskilin(n)	1	0,0%	100,0%	100%

Tafla 9. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldrisins?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Mjög ánægð(ur)</i>	<i>Frekar ánægð(ur)</i>	<i>Hvorki né</i>	<i>Frekar óánægð(ur)</i>	<i>Mjög óánægð(ur)</i>	<i>Alls</i>
Aldur							
25 ára og yngri	68	72,1%	17,6%	4,4%	2,9%	2,9%	100%
26-30 ára	161	78,9%	11,2%	6,8%	3,1%	0,0%	100%
31-35 ára	201	77,6%	13,4%	6,0%	2,0%	1,0%	100%
36-40 ára	151	74,2%	18,5%	6,0%	1,3%	0,0%	100%
41 árs og eldri	75	76,0%	16,0%	4,0%	2,7%	1,3%	100%
Menntun							
Grunnskóli	87	77,0%	11,5%	6,9%	2,3%	2,3%	100%
Starfsnám	43	83,7%	9,3%	4,7%	0,0%	2,3%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	82,8%	9,7%	3,2%	2,2%	2,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	76	78,9%	11,8%	7,9%	1,3%	0,0%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	66,7%	21,2%	6,1%	6,1%	0,0%	100%
Háskólanám	319	74,0%	17,9%	5,6%	2,5%	0,0%	100%
Hjúskaparstaða							
Gift / kvæntur	273	80,2%	12,8%	4,8%	1,8%	0,4%	100%
Í sambúð	266	74,8%	17,3%	4,5%	3,0%	0,4%	100%
Einhleyp(ur)	103	70,9%	13,6%	10,7%	1,9%	2,9%	100%
Ekkja / ekill	1	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	66,7%	11,1%	22,2%	0,0%	0,0%	100%

Tafla 10. Þegar þú valdir dagforeldri fyrir barnið hvort fannst þér þú þá hafa úr mörgum eða fáum dagforeldrum að velja?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Hafði úr mörgum að velja</i>	<i>Hafði hvorki úr fáum né mörgum að velja</i>	<i>Hafði úr fáum að velja</i>	<i>Veit ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur						
25 ára og yngri	67	7,5%	4,5%	83,6%	4,5%	100%
26-30 ára	158	5,1%	5,7%	74,7%	14,6%	100%
31-35 ára	196	3,6%	6,1%	82,1%	8,2%	100%
36-40 ára	152	3,9%	2,6%	78,3%	15,1%	100%
41 árs og eldri	73	1,4%	6,8%	72,6%	19,2%	100%
Menntun						
Grunnskóli	85	5,9%	4,7%	80,0%	9,4%	100%
Starfsnám	43	4,7%	7,0%	67,4%	20,9%	100%
Bóklegt framhaldsnám	90	3,3%	5,6%	76,7%	14,4%	100%
Verklegt framhaldsnám	75	5,3%	10,7%	69,3%	14,7%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	0,0%	6,1%	84,8%	9,1%	100%
Háskólanám	313	4,2%	3,5%	81,2%	11,2%	100%
Hjúskaparstaða						
Gift / kvæntur	270	4,1%	5,2%	78,1%	12,6%	100%
Í sambúð	259	5,0%	5,8%	76,1%	13,1%	100%
Einhleyp(ur)	103	2,9%	3,9%	83,5%	9,7%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	8	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	100%

Tafla 11. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Í hverfinu sem svarandi býr í</i>	<i>Í hverfinu sem svarandi starfar í</i>	<i>Í hverfinu sem svarandi starfar og býr í</i>	<i>Í öðru hverfi</i>	<i>Alls</i>
Aldur						
25 ára og yngri	68	50,0%	11,8%	2,9%	35,3%	100%
26-30 ára	162	48,8%	6,8%	3,7%	40,7%	100%
31-35 ára	202	50,0%	6,4%	2,5%	41,1%	100%
36-40 ára	153	62,7%	3,3%	0,7%	33,3%	100%
41 árs og eldri	76	59,2%	6,6%	0,0%	34,2%	100%
Menntun						
Grunnskóli	87	48,3%	8,0%	3,4%	40,2%	100%
Starfsnám	43	53,5%	4,7%	0,0%	41,9%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	61,3%	4,3%	2,2%	32,3%	100%
Verklegt framhaldsnám	78	57,7%	9,0%	0,0%	33,3%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	42,4%	6,1%	6,1%	45,5%	100%
Háskólanám	320	53,4%	6,3%	2,2%	38,1%	100%
Hjúskaparstaða						
Gift / kvæntur	274	55,5%	5,8%	2,2%	36,5%	100%
Í sambúð	269	52,4%	6,3%	2,6%	38,7%	100%
Einhleyp(ur)	103	53,4%	7,8%	1,0%	37,9%	100%
Ekkja / ekill	1	100,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	33,3%	11,1%	0,0%	55,6%	100%

Tafla 12. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla í stað dagforeldris?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei / skiptir ekki máli</i>	<i>Alls</i>
Aldur				
25 ára og yngri	32	62,5%	37,5%	100%
26-30 ára	77	61,0%	39,0%	100%
31-35 ára	95	62,1%	37,9%	100%
36-40 ára	56	73,2%	26,8%	100%
41 árs og eldri	31	51,6%	48,4%	100%
Menntun				
Grunnskóli	42	61,9%	38,1%	100%
Starfsnám	20	60,0%	40,0%	100%
Bóklegt framhaldsnám	34	61,8%	38,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	32	53,1%	46,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	17	52,9%	47,1%	100%
Háskólanám	142	66,2%	33,8%	100%
Hjúskaparstaða				
Gift / kvæntur	116	62,9%	37,1%	100%
Í sambúð	121	61,2%	38,8%	100%
Einhleyp(ur)	47	68,1%	31,9%	100%
Ekkja / ekill	0	0,0%	0,0%	0%
Fráskilin(n)	6	50,0%	50,0%	100%

Tafla 13. Hefur dagforeldrið sem barnið er hjá sýnt þér niðurstöður úr eftirlitsheimsókn frá Leikskólasviði, t.d. afrit af gátlista?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Veit ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	68	14,7%	79,4%	5,9%	100%
26-30 ára	160	13,1%	78,8%	8,1%	100%
31-35 ára	199	10,1%	84,4%	5,5%	100%
36-40 ára	151	12,6%	84,8%	2,6%	100%
41 árs og eldri	76	11,8%	76,3%	11,8%	100%
Menntun					
Grunnskóli	86	10,5%	81,4%	8,1%	100%
Starfsnám	42	21,4%	76,2%	2,4%	100%
Bóklegt framhaldsnám	92	14,1%	81,5%	4,3%	100%
Verklegt framhaldsnám	76	10,5%	75,0%	14,5%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	18,2%	75,8%	6,1%	100%
Háskólanám	319	10,7%	84,3%	5,0%	100%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	273	11,4%	81,3%	7,3%	100%
Í sambúð	265	12,1%	81,5%	6,4%	100%
Einhleyp(ur)	103	14,6%	81,6%	3,9%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	100,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	11,1%	88,9%	0,0%	100%

Tafla 14. Veist þú hvert þú átt að leita ef þú hefur athugasemdir vegna þjónustu dagforeldris sem barnið er hjá?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Alls</i>
Aldur				
25 ára og yngri	67	46,3%	53,7%	100%
26-30 ára	163	55,8%	44,2%	100%
31-35 ára	202	71,3%	28,7%	100%
36-40 ára	153	66,0%	34,0%	100%
41 árs og eldri	76	80,3%	19,7%	100%
Menntun				
Grunnskóli	87	52,9%	47,1%	100%
Starfsnám	43	58,1%	41,9%	100%
Bóklegt framhaldsnám	92	62,0%	38,0%	100%
Verklegt framhaldsnám	78	64,1%	35,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	63,6%	36,4%	100%
Háskólanám	321	70,1%	29,9%	100%
Hjúskaparstaða				
Gift / kvæntur	274	66,8%	33,2%	100%
Í sambúð	268	66,0%	34,0%	100%
Einhleyp(ur)	104	55,8%	44,2%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	88,9%	11,1%	100%

Tafla 15. Hefur þú einhvern tíman komið á framfæri athugasemd til þjónustumiðstöðvar eða leikskólasviðs Reykjavíkurborgar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið er hjá?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Alls</i>
Aldur				
25 ára og yngri	68	8,8%	91,2%	100%
26-30 ára	162	6,8%	93,2%	100%
31-35 ára	201	6,5%	93,5%	100%
36-40 ára	153	11,1%	88,9%	100%
41 árs og eldri	76	9,2%	90,8%	100%
Menntun				
Grunnskóli	87	8,0%	92,0%	100%
Starfsnám	43	4,7%	95,3%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	11,8%	88,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	77	9,1%	90,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	9,1%	90,9%	100%
Háskólanám	320	7,2%	92,8%	100%
Hjúskaparstaða				
Gift / kvæntur	274	8,4%	91,6%	100%
Í sambúð	269	6,7%	93,3%	100%
Einhleyp(ur)	103	11,7%	88,3%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	11,1%	88,9%	100%

Tafla 16. Á hvaða aldursbili finnst þér þjónusta dagforeldra henta börnum best?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Yngri en 6 mánaða</i>	<i>Yngri en 12 mánaða</i>	<i>Yngri en 18 mánaða</i>	<i>Yngri en 2ja ára</i>	<i>Annað</i>	<i>Alls</i>
Aldur							
25 ára og yngri	68	2,9%	32,4%	39,7%	14,7%	10,3%	100%
26-30 ára	161	1,2%	31,1%	34,8%	14,3%	18,6%	100%
31-35 ára	202	1,5%	33,2%	42,1%	12,9%	10,4%	100%
36-40 ára	154	1,9%	20,8%	47,4%	12,3%	17,4%	100%
41 árs og eldri	76	5,3%	26,3%	28,9%	17,1%	22,3%	100%
Menntun							
Grunnskóli	85	1,2%	34,1%	34,1%	8,2%	22,4%	100%
Starfsnám	43	4,7%	27,9%	34,9%	11,6%	20,9%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	1,1%	35,5%	31,2%	16,1%	16,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	78	2,6%	35,9%	37,2%	17,9%	6,5%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	3,0%	27,3%	33,3%	12,1%	24,2%	100%
Háskólanám	322	2,2%	23,6%	46,0%	14,0%	15,3%	100%
Hjúskaparstaða							
Gift / kvæntur	274	1,8%	25,5%	43,1%	14,6%	14,7%	100%
Í sambúð	268	1,9%	31,0%	38,4%	12,3%	16,0%	100%
Einhleyp(ur)	104	3,8%	32,7%	35,6%	14,4%	13,6%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	0,0%	22,2%	44,4%	22,2%	11,1,0%	100%

Tafla 17. Á hvaða aldri finnst þér að börn ættu að hefja vistun á leikskóla?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Yngri en 6 mánaða</i>	<i>6 til 12 mánaða</i>	<i>13 til 18 mánaða</i>	<i>19 til 24 mánaða</i>	<i>25 til 30 mánaða</i>	<i>Annað</i>	<i>Alls</i>
Aldur								
25 ára og yngri	67	1,5%	6,0%	22,4%	58,2%	9,0%	3,0%	100%
26-30 ára	161	0,0%	9,3%	19,3%	49,7%	13,0%	8,6%	100%
31-35 ára	201	0,5%	10,9%	22,9%	53,2%	10,4%	1,5%	100%
36-40 ára	150	0,0%	17,3%	18,0%	54,0%	6,0%	4,7%	100%
41 árs og eldri	76	1,3%	14,5%	9,2%	46,1%	17,1%	11,8%	100%
Menntun								
Grunnskóli	86	0,0%	8,1%	25,6%	52,3%	9,3%	4,7%	100%
Starfsnám	43	0,0%	4,7%	9,3%	55,8%	25,6%	4,6%	100%
Bóklegt framhaldsnám	92	0,0%	13,0%	27,2%	46,7%	10,9%	2,2%	100%
Verklegt framhaldsnám	77	1,3%	10,4%	24,7%	51,9%	7,8%	3,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	32	0,0%	21,9%	15,6%	40,6%	15,6%	6,2%	100%
Háskólanám	319	0,6%	12,5%	16,0%	54,2%	9,4%	7,2%	100%
Hjúskaparstaða								
Gift / kvæntur	271	0,0%	12,2%	17,3%	55,0%	10,3%	5,2%	100%
Í sambúð	267	0,7%	11,2%	21,7%	51,3%	9,4%	5,5%	100%
Einhleyp(ur)	103	1,0%	10,7%	19,4%	47,6%	14,6%	6,7%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	0,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	0,0%	33,3%	11,1%	55,6%	0,0%	0,0%	100%

Tafla 18. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Of mikið</i>	<i>Hæfilegt</i>	<i>Of lítið</i>	<i>Veit ekki</i>	<i>Alls</i>
Aldur						
25 ára og yngri	68	0,0%	39,7%	19,1%	41,2%	100%
26-30 ára	160	0,6%	38,1%	18,1%	43,1%	100%
31-35 ára	200	0,5%	34,5%	24,0%	41,0%	100%
36-40 ára	152	0,7%	31,6%	20,4%	47,4%	100%
41 árs og eldri	74	1,4%	27,0%	18,9%	52,7%	100%
Menntun						
Grunnskóli	87	0,0%	40,2%	19,5%	40,2%	100%
Starfsnám	43	2,3%	53,5%	14,0%	30,2%	100%
Bóklegt framhaldsnám	92	0,0%	40,2%	26,1%	33,7%	100%
Verklegt framhaldsnám	76	0,0%	32,9%	18,4%	48,7%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	0,0%	30,3%	27,3%	42,4%	100%
Háskólanám	317	0,9%	29,7%	20,2%	49,2%	100%
Hjúskaparstaða						
Gift / kvæntur	271	1,1%	31,7%	18,5%	48,7%	100%
Í sambúð	267	0,4%	36,3%	22,5%	40,8%	100%
Einhleyp(ur)	102	0,0%	35,3%	23,5%	41,2%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100%
Fráskilin(n)	9	0,0%	55,6%	0,0%	44,4%	100%

Tafla 19. Á barnið systkini sem býr á sama heimili?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>	<i>Alls</i>
Aldur				
25 ára og yngri	68	19,1%	80,9%	100%
26-30 ára	163	38,0%	62,0%	100%
31-35 ára	202	61,4%	38,6%	100%
36-40 ára	153	77,1%	22,9%	100%
41 árs og eldri	75	81,3%	18,7%	100%
Menntun				
Grunnskóli	87	44,8%	55,2%	100%
Starfsnám	43	69,8%	30,2%	100%
Bóklegt framhaldsnám	93	55,9%	44,1%	100%
Verklegt framhaldsnám	78	64,1%	35,9%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	33	75,8%	24,2%	100%
Háskólanám	322	55,0%	45,0%	100%
Hjúskaparstaða				
Gift / kvæntur	274	71,9%	28,1%	100%
Í sambúð	270	47,8%	52,2%	100%
Einhleyp(ur)	104	38,5%	61,5%	100%
Ekkja / ekill	1	100,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	100,0%	0,0%	100%

Tafla 20. Hvar er barnið í röðinni í systkinahópnum?

	<i>Fjöldi svara</i>	<i>Elst/ur</i>	<i>Yngst/ur</i>	<i>Á milli / í miðjunni</i>	<i>Alls</i>
Aldur					
25 ára og yngri	12	33,3%	66,7%	0,0%	100%
26-30 ára	62	9,7%	83,9%	6,5%	100%
31-35 ára	124	8,1%	86,3%	5,6%	100%
36-40 ára	118	5,9%	89,8%	4,2%	100%
41 árs og eldri	60	3,3%	93,3%	3,3%	100%
Menntun					
Grunnskóli	39	15,4%	74,4%	10,3%	100%
Starfsnám	30	6,7%	93,3%	0,0%	100%
Bóklegt framhaldsnám	51	7,8%	90,2%	2,0%	100%
Verklegt framhaldsnám	50	8,0%	78,0%	14,0%	100%
Próf úr sérskólum á eða við háskólastig	24	8,3%	91,7%	0,0%	100%
Háskólanám	177	6,2%	91,0%	2,8%	100%
Hjúskaparstaða					
Gift / kvæntur	196	3,1%	92,3%	4,6%	100%
Í sambúð	129	14,0%	83,7%	2,3%	100%
Einhleyp(ur)	39	10,3%	79,5%	10,3%	100%
Ekkja / ekill	1	0,0%	100,0%	0,0%	100%
Fráskilin(n)	9	11,1%	77,8%	11,1%	100%